

**Ákvörðun afsláttar.**

Lykill	Umfang prófunar	Afsláttur
<b>A. Með vottorðum.</b>		
A1	CCA- eða CB- vottorð ásamt prófunarskýrslu eða vottorð um prófun skv. norrænu samkomulagi fylgja umsókn. Sýnishorn og samsvörunarvottorð skv. gildandi reglum fyrir hendi í báðum tilvikum . . . . .	100%
A2	Vottorð án skilyrða frá viðurkenndri prófunarstöð fylgja umsókn. Skýrt kemur fram, að prófað er skv. stöðlum, sem RER viðurkennir. (IEC, CLC, norrænir staðlar og reglur). Sýnishorn og samsvörunarvottorð fylgja . . . . .	95%
A3	Viðurkennt vottorð með skilyrði, sem krefst skoðunar á sýnishorni, fylgir umsókn . . . . .	90%
A4	Vottorð sem krefst viðbótarprófana, 1–3 atriði, fylgir umsókn . . . . .	80%
A5	Vottorð sem krefst viðbótarprófana, 4–10 atriði eða CCA- / CB- vottorð án prófunarskýrslu fylgja umsókn . . . . .	70%
<b>B. Án vottorða.</b>		
B1	Tæki skráð samþykkt í lista DEMKO, NEMKO, SEMKO eða VDE-P. Viðbótarprófun 1–3 atriði . . . . .	20%
B2	Sama og B1, nema viðbótarprófun 4–10 atriði . . . . .	10%
B3	Fullkomin prófun til innlestrar samþykktar eða synjunar. Teikningar og aðrar tæknilegar upplýsingar, sem raffangaprófun (RP) óskar eftir, fylgja umsókn eða eru fyrir hendi hjá umsækjanda . . . . .	10%
B4	Fullkomin prófun til innlestrar samþykktar eða synjunar. Teikningar og/ eða tæknilegar upplýsingar vantar . . . . .	0%
<b>C. Afsláttur ákveðinn sérstaklega.</b>		
C0-C100	–Ef fella má niður hluta fullkominnar prófunar, vegna áður gerðra prófana hjá RP –Um er að ræða synjun eða notkunarleyfi, byggt á takmarkaðri prófun –Breyting afsláttar af sérstökum ástæðum, að mati prófunarnefndar . . . . .	0 – 100%

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkv. 4. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 60/19879 um Rafmagnseftirlit ríkisins, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1990.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur  
fatlaðra nr. 605/1989, sbr. rgl. nr. 268/1990.**

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1990“ í ákvæði til bráðabirgða II., komi „28. febrúar 1991“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1990.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Margrét Margeirsdóttir.*